



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi b.t. nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2020

2003041SA KB/gb  
Málalykill: 01.20

### **Efni: Ábendingar við aðgerðapakka 2 og frv. til fjárukalaga, mál nr. 724 og 726**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur yfirfarið frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um frekari aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru og frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020.

#### **Almennt**

Sambandið getur tekið undir nánast allar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í frumvörpunum. Frekari aðgerðir hafa verið boðaðar fljótlega og hljóta sveitarfélög að hafa væntingar til þess að horft verði til þeirra í aðgerðapakka 3.

Í þessari umsögn er lögð áhersla á að upplýsa um stöðu og horfur sveitarfélaga á þessum tímapunkti, ásamt því að fjalla um aðgerðir í þeim frumvörpum sem hér eru til umsagnar og snúa að sveitarfélögum.

Sambandið telur óhjákvæmilegt að lýsa óánægju með hve lítið samráð var haft við sveitarfélögin um mótun aðgerðapakka 2. Tilfni er til að benda á að bæði í sveitarstjórnarlögum og lög um opinber fjármál er gert ráð fyrir mjög víðtæku samstarfi ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál. Staðreyndin er því miður sú að þau tæki sem nýta á til formlegs samráðs, svo sem Jónsmessunefnd, hafa ekki verið nýtt undanfarnar vikur. Þessu hlýtur sambandið að mótmæla harðlega og krefjast virks samtals við ríkisstjórn um þær leiðir sem færar eru til stuðnings sveitarfélögum og verkefnum þeirra.

#### **Áhrif COVID-19 kreppunnar á sveitarfélögin**

Sveitarfélögin munu verða fyrir miklu tekjufalli og stórfelldri útgjaldaaukningu vegna þess efnahagsáfalls sem nú ríður yfir. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa lagt fram drög að greiningu á fjárhagsvanda sveitarfélaga á því svæði. Niðurstaðan er að tekjufall og útgjaldaaukning sveitarfélaga svari til 137 þús.kr. á hvern íbúa eða um 50 ma.kr. fyrir árin 2020 og 2021.

Hvert endanlegt umfang efnahagsáfallsins verður á þjóðarbúskapinn í heild og hið opinbera liggur engan veginn ljóst fyrir á þessari stundu. Sveitarfélögin eiga mikið undir aðgerðum ríkisins á fjölmörgum sviðum og óvissa um aðgerðir ríkisins á næstu mánuðum hefur í för með sér að erfitt er að meta endanleg áhrif COVID-19 kreppunnar á sveitarfélögin. En fyrirsjáanlegt er að þau verða mjög misjöfn eftir sveitarfélögum, sem huga þarf að við mótun aðgerða.